


Herbergishitastillir 230 V~ með lokunarsnertu og skynjara, fyrir rafmagnshitun í gólfi 0394 ..


Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagnakerfi
P.O. Box 1220
42461 Radevormwald
Sími +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 / 602 - 191
www.gira.de
info@gira.de

40/17


1



2



3



Notkunarleiddbeiningar

Öryggisleiddbeiningar



Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast tengingu og uppsetningu raftækja!

Ef uppsetning fer ekki rétt fram getur það leitt til alvarlegra meiðsla (t.d. vegna raflosts), eldsvoða eða tjóns.

Rjúfið strauminn áður en unnið er við tækið eða tengdan rafbúnað. Gæta verður að öllum sjálfvörum þegar það er gert.

Þessar leiðbeiningar fylgja vörunni og skal endanlegur kaupandi fá þær í hendur.

Lýsing á virkni

Herbergishitastillirinn 230/10 (4) A~ með lokunarsnertu og skynjara fyrir rafmagnshitun í gólfi (mynd 1) er notaður til að stjórna

- rafmagnshitun í gólfi eða
- hitastrengjum í gólfi.

Herbergishitastillirinn samræmist staðlinum DIN EN 60730 og fellur undir virkniflokk 1C. Þegar kynt hefur verið samfellt í klukkustund stöðvar herbergishitastillirinn kyndinguna sjálfkrafa í 5 mínútur (slökkt er á kyndingunni eins og krafist er í EN 50559).

Raflagnir



HÆTTA
Unnið með spennu yfir 110 V

- Einnpóla rofinn I - 0 aftengir herbergishitastillinn frá veitukerfi og rýfur straumrásina til gólfnefans.
- Þegar unnið er í álagsrásinni verður að taka veituspennuna af, t.d. með því að fjarlægja öryggið.
- Ef samband við nemandan rofnar er snertan lokuð, en ef skammhlaup verður í nemanum er snertan opin.


Herbergishitastillir

1. Takið stillihnappinn af, losið um skrufuna á lokinu og takið lokið af.
2. Rafmagnstenging: (mynd 2); einþættur leiðari – þversnið 1 til 2,5 mm². Ekki þarf að nota varnarleiðara. Varnarleiðara-klemman er eingöngu notuð fyrir lykkjutengingu.
3. Setjið herbergishitastillinn upp í innfældri dós (þegar herbergishitastillirinn er settur upp á veggfóðri verður að nota burðarhring).
4. Setjið lokið aftur á. Festið lokið vinstra megin að ofanverðu í neðri hluta ytra byrðis.
5. Endurtakið því næst skref 1, nema í öfugri röð.


Gólfnefi

Gólfnefið verður að uppfylla kröfur hlífðarflokks II og mikilvægt er að gengið sé frá honum í hlífðarröri ásamt skynjaraleiðslunni H03VV (mynd 3). Þannig er gólfnefið varinn gegn raka og auðveldara er að skipta um hann ef viðgerða verður þörf.


4




5



A) Max. 30 °C -> 25 °C



B) Min. 5 °C -> 15 °C



Hitastigið stillt

Hitanum í gólfinu er stjórnað með stillihnappinum (mynd 4). Gólfneminn vaktar hitastigið í gólfinu. Talnakvarðinn *, 2, 3, 4, 5 á hnappinum samsvarar hitastigi á bilinu +10 til +50 °C. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda um stillingu gólfhitakerfisins. Þegar hitinn í gólfinu fer niður fyrir innstillt mörk setur stýrieiningin kyndinguna í gang.

Rauða stöðuljósið logar þegar gólfhitakerfið notar rafmagn. Hægt er að takmarka hitasviðið á bakhlíð stillihnappsins (mynd 5).

Aflrofinn kveikir og slekkur á gólfhitakerfinu.

Einnig er hægt að nota ytri tímarofa til þess að stjórna lækkun á hitastigi með tímastillingu, til dæmis fyrir næturhita. Þegar ytri tímarofi er notaður logar græna stöðuljósið þegar byrjað er að lækka hitastigið.

Dæmi: Hitastigið er lækkað um u.þ.b. 4 K. Herbergishitastillirinn er stilltur á 40 °C (= 4 á talnakvarðanum). Það þýðir að hitastigið í gólfinu getur til dæmis farið niður í 36 °C á nóttunni án þess að byrjað sé að kynda. Hitastigið þarf þá að lækka enn meira til þess að farið sé að kynda aftur.

Kennigildi nema

Mælitæki $R_i > 1 \text{ M}\Omega$

Hitastig °C	Viðnám kΩ
5	85,279
10	66,785
15	52,330
20	41,272
25	33,000
30	26,281
35	21,137
40	17,085
45	13,846
50	11,277

Aðeins er hægt að mæla viðnámsgildin þegar neminn er aftengdur.

Tæknilegar upplýsingar

Spennugjafi:	AC 230 V, 50 Hz
Vikmörk:	hám. 20 mA
Stillisvið hitastigs (talnakvarði):	*, 2, 3, 4, 5 (= +10 til +50 °C)
Skiptistraumur:	10 mA til 10 A $\cos \varphi = 1$ 10 mA til 4 A $\cos \varphi = 0,6$
Höggspenna mælingar:	4 kV
Aflrofi:	Einpóla
Upplýsingabúnaður	106,5 x 106,5 mm
Ljósdióða, rauð:	Kynding
Ljósdióða, græn:	Lækkun á hitastigi
Snerta (raflíði):	1 lokunarsnerta (fyrir kyndingu), (ekki spennalaus)
Lækkun á hitastigi:	u.þ.b. 4 K
Skiptibil:	u.þ.b. 1 K
Varnarflokkur ytra byrðis:	IP 30 (skv. EN 60529)
Umhverfishiði:	0 til +25 °C
Hitastig við geymslu:	-25 °C til +70 °C
Orkuflokkur:	IV = 2%

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.